

Nd.

361. Nefndarálit

[138. mál]

um frv. til læknaþingarlaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum sínum og tekið til athugunar þær athugasemdir, sem fram komu við 1. umræðu þess, og kynnt sér óskir og áskoranir, sem sendar hafa verið til hennar um tilteknar breytingar á frumvarpinu, sem allar hafa verið þess efnis, að héruð, sem áður hafa verið sérstök læknishéruð, verði ekki sameinuð öðrum læknishéruðum. Nefndin var sammála um, að Raufarhafnarhérað og Bakkagerðishérað verði áfram sérstök læknishéruð. Áður en nefndin hafði lokið afgreiðslu málsins, hafði dómsmálaráðherra lagt fram breytingartillögu við frv. um, að Suðureyrarhérað verði áfram sérstakt læknishérað, og er nefndin meðmælt þeirri tillögu.

Í ákvæðum til bráðabirgða við frumvarpið leggur nefndin til, að áður en núverandi Flateyjarhérað og Djúpavíkurhérað, sem sameina skal öðrum héruðum samkvæmt 1. gr. frumvarpsins, verða lögð niður og sameinuð öðrum læknishéruðum, skuli þau auglýst laus til umsóknar þrisvar í röð með sömu kjörum og lækna njóta í þeim læknishéruðum, sem um ræðir í 6. gr. frv.

Nefndin telur, að þetta frumvarp feli í sér nauðsynlegar og góðar breytingar á launum og kjörum héraðslækna, sem ætla má að verði til þess, að lækna fái frekar til þess að gegna héraðslæknisstarfi, og telur, að með samþykkt frv. sé mikilvægt spor stigið í þá átt að tryggja það að fá héraðslækna einkum til þeirra héraða, sem eru minnst og afskekkust, með því að greiða þeim staðaruppbót, er nemur hálfum launum í hlutaðeigandi héraði.

Nefndin mælir einróma með samþykkt frv. með þeim breytingum, sem hún flytur á sérstöku þingskjali og nánar mun verða gerð grein fyrir í framsögu.

Alþingi, 22. marz 1965.

Guðlaugur Gíslason,
form.

Birgir Finnsson,
fundaskr.

Matthías Bjarnason,
frsm.

Hannibal Valdimarsson.

Jón Skaftason.

Jónas G. Rafnar.

Matthías Ingibergsson.